

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/2004
komudagur 30.4.2012

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

30. apríl 2012

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 727. mál

Rammaáætlunar hefur lengi verið beðið og horft hefur verið til hennar í von um að víðtæk sátt geti orðið um orkunýtingu eða vernd tiltekinna orkukosta, deilum linnt og óvissu verið eytt. Mikil fagleg vinna hefur verið lögð í gerð skýrslu verkefnisstjórnar sem skilað var til ráðherra í júlí 2011. Að sjálfsgöðu er það Alþingis að ákvarða um flokkun virkjanakosta í rammaáætlun. Æskilegt væri hins vegar að sú röðun byggði helst alfarið á faglegum niðurstöðum verkefnisstjórnar. Ofangreind tillaga til þingsályktunar vísar mjög mikið frá faglegum niðurstöðum verkefnisstjórnar, á einhverjum allt öðrum forsendum. Tillagan er því, að mati Samorku, enginn grundvöllur fyrir sátt um þennan málaflokk og þess vegna verða samtökin að lýsa miklum vonbrigðum með hana. Þá er ljóst að ýmsum hagkvæmstu og best rannsökuðu virkjanakostunum er skv. tillögunni, á öðrum forsendum en faglegum, raðað í biðflokk og jafnvel verndarflokk. Því er ljóst að tillagan, verði hún samþykkt óbreytt, mun verða til að skerða verulega allar líkur á hagkvæmum virkjanaframkvæmdum í náinni framtíð.

Tæp 18% í nýtingu, en mikil óvissa um allt umfram 2,5-3 TWst

Skv. tillögunni fara tæpar 8,5 teravattstundir (TWst) af áætlaðri orkugetu í nýtingarflokk, eða tæp 18% áætlaðrar orkugetu sem raðað er í flokka. Athygli vekur hins vegar að þarna er nær eingöngu um að ræða jarðhitakosti. Þeir tveir vatnsaflskostir sem raðað er í nýtingarflokk eru samtals með áætlaða orkugetu sem nemur 0,439 TWst, eða með samanlagt uppsett afl sem nemur 63 megavöttum (MW). Allur þorri þeirra jarðhitakosta sem raðað er í nýtingarflokk eiga það sameiginlegt að lítið eða ekkert hefur verið framkvæmt þar af rannsóknarborunum. Um eiginlega orkugetu umræddra svæða ríkir því mjög mikil óvissa, en mun ítarlegri og kostnaðarsamari rannsóknir þarf til að áætla með nokkurri vissu orkugetu jarðhitasvæða en gildir um orkukosti í vatnsafl. Þá fer nýting þeirra fram í áföngum meðan auðlindin er rannsökuð enn frekar og tekur því mun lengri tíma að byggja upp slíkar virkjanir en í vatnsafl. Að mati Samorku eru því eingöngu um 2,5 til 3 TWst í nýtingarflokki sem segja má að nokkur vissa ríki um hvað orkugetu varðar, allir aðrir kostir í nýtingarflokki eru undirsettir mjög mikilli óvissu um orkugetu og þarfnast mjög tímaflekra rannsókna áður en hægt verður að gera orkusölusamninga á grundvelli þeirra. Á sama tíma hefur mörgum mjög hagkvæmum og vel rannsökuðum kostum, sem jafnvel hafa þegar undirgengist umhverfismat, verið raðað í biðflokk, jafnvel í verndarflokk. Verði tillagan samþykkt óbreytt er því algerlega ljóst að ekki verður ráðist í miklar virkjanaframkvæmdir á Íslandi næstu ár, a.m.k. ekki í því samhengi sem algeng umræða um atvinnuuppbyggingu í landinu grundvallast á.

Ógegnsætt ferli frá skilum verkefnisstjórnar

Samorka gerir alvarlegar athugasemdir við það vinnulag sem viðhaft hefur verið við gerð tillögunnar, allt frá því að verkefnisstjórnin skilaði sínum faglegu niðurstöðum til ráðherra í júlí 2011. Þá þegar tók við ógegnsætt ferli sem skilaði sér í drögum að tillögu til þingsályktunar sem kynnt voru í ágúst 2011 og viku verulega frá röðun verkefnisstjórnar (sbr. töflu 7.2 í skýrslu verkefnisstjórnar). Fjöldi virkjanakosta, sem verkefnisstjórn hafði raðað ofarlega (út frá sjónarhorni nýtingar) var þar settur í biðflokk, jafnvel í verndarflokk, á forsendum sem ekki liggja fyrir, enda eins og fram hefur komið, er ferlið algerlega ógegnsætt. Má þarna nefna sem dæmi orkukostina Bitru, Norðlingaölduveitu, Brennisteinsfjöll, Grændal og Tungnaárlón, sem öllum var þá þegar raðað í verndarflokk þótt þeir hafi verið um eða ofan við miðju í röðun verkefnisstjórnar. Eins röðuðust þar t.d. Austurengjar, Innstidalur og Trölladyngja í biðflokk, þótt þessir kostir hafi raðast framarlega hjá verkefnisstjórn.

Í kjölfarið tók við langt opið umsagnarferli, en ítarleg slík ferli höfðu áður farið fram á vegum verkefnisstjórnar þar sem verkefnisstjórnin og faghóparnir unnu úr umsögnum með faglegum hætti. Samorka gerði í sinni umsögn athugasemdir við ofangreind frávík frá faglegum niðurstöðum verkefnisstjórnar. 225 umsagnir bárust í þessu ferli, í mörgum tilvikum fjöldi nánast samhljóða umsagna tengdra aðila. Engar upplýsingar liggja fyrir um það með hvaða hætti unnið var úr þessum umsögnum. Sagt er frá ferlinu í kafla 3.10 í athugasemdum með tillögunni á þennan veg: „...voru teknar saman greinargerðir um umsagnir sem bárust og afstaða tekin til þeirra.“ Hvaða sérfræðingar tóku þessa afstöðu? Á hvaða forsendum? Talin eru upp þau viðmið sem stuðst var við (í kafla 2 í athugasemdum með tillögunni) en engin leið er að sjá hvaða vægi einstökum viðmiðum var gefið né hvers vegna svo mjög er vikið frá faglegum niðurstöðum verkefnisstjórnar.

Frá þeim drögum að tillögu sem kynnt voru í ágúst sl. hafa nú sex orkukostir til viðbótar verið færðir úr nýtingarflokki í biðflokk og þannig vikið enn meira frá niðurstöðum verkefnisstjórnar. Virkjanir í neðri hluta Þjórsár hafa verið færðar í biðflokk m.a. með vísan í að umhverfismat vegna þeirra sé gamalt, en þarna er verið að kveða upp dóma yfir einna mest rannsökuðu og best undirbúnu virkjanakostum rammaáætlunar! Þá er því jafnvel haldið fram að ljóst sé að vinna þurfi nýtt mat vegna umræddra orkukosta, sem er engan veginn í samræmi við texta laga um mat á umhverfisáhrifum líkt og forstjóri Skipulagsstofnunar hefur bent á. Skv. lögunum þarf eingöngu að taka afstöðu til þess, að liðnum tíu árum, hvort endurtaka þurfi matið eða hluta af því. Þá eru virkjanakostirnir Skrokkalda og Hágöngur I og II færðar í biðflokk úr nýtingarflokki m.a. með vísan í hugsanlega nálægð við mörk Vatnajökulspjóðgarðs. Fjallað er um „aukið víðernisgildi“ af því að vernda samliggjandi svæði og vísað til Friðlands að fjallabaki í því sambandi. Slíka röksemdafærslu mætti í raun setja fram til að hindra hvers kyns framkvæmdir hvar sem er. Sambærileg rök er enda að finna fyrir röðun orkukosta á borð við Bitru, Grændal og Tungnaárlón.

Eftir situr að enn er tekið fram fyrir hendur verkefnisstjórnar og enn lengra vikið frá faglegum niðurstöðum hennar. Þá vekur athygli að allar breytingar frá niðurstöðum verkefnisstjórnar hafa allt frá því hið ógegnsæja ferli tók við verið í sömu átt, þ.e. í þá átt að draga úr áherslum orkunýtingar. Af 40 efstu virkjanakostunum í röðun verkefnisstjórnar eru skv. tillögunni 21 settir bið- eða verndarflokk.

Mikið verið verndað hérlendis


Þess ber að geta að Íslendingar hafa þegar stigið mörg stór skref á sviði verndunar náttúrusvæða. Það hefur einkum verið gert á grundvelli laga um náttúruvernd og ýmsir hugsanlegir orkukostir falla þar undir. Nú þegar hafa yfir 15% af flatarmáli Íslands verið friðlýst. Hækka má þessa tölu í tæp 32% ef talin eru með svæði á náttúruminjaskrá og í 40% ef með eru talin áhrif náttúruverndaráætlunar 2009-2013.¹ Á sama tíma er þessi tala um 10% í Svíþjóð og Finnlandi, sem gengið hafa hvað lengst í þessum efnum í Evrópu, en stefnan í báðum löndum hefur verið tekin á 15%.

Mikil vonbrigði

Að lokum er rétt að ítreka mikil vonbrigði Samorku með þessa tillögu og hvernig faglegri vinnu verkefnisstjórnar undanfarin ár er í raun varpað fyrir róða með henni. Fyrir sætir að virkjanakostir sem farið hafa gegnum ítarlegar rannsóknir m.a. í formi umhverfismats og sem verkefnisstjórn rammaáætlunar raðar ofarlega á grundvelli sinnar ítarlegu faglegu vinnu og ítrekuðu umsagnarferla, séu settir í biðflokk eða jafnvel verndarflokk á grundvelli meintra nýrra upplýsinga úr enn einu opna umsagnarferlinu sem engar upplýsingar liggja fyrir með hvaða hætti unnið var úr. Náist ekki breið samstaða þvert á stjórnáflökka um rammaáætlunina þá er því miður líklegt að niðurstaðan verði eingöngu stefna núverandi stjórnvalda í verndun og nýtingu, en Samorka bendir á að skýrsla verkefnisstjórnar verður áfram til staðar og hægt að byggja á röðun orkukosta í henni í framtíðinni.

Að öðru leyti vísast til umsagna einstakra aðildarfyrirtækja Samorku.

Virðingarfyllst,



Guðstaf Adolf Skúlason
 aðstoðarframkvæmdastjóri

Fylgiskjal

Með umsögninni fylgir skjal þar sem vakin er athygli á þeim breytingum sem orðið hafa á faglegri röðun verkefnisstjórnar um gerð rammaáætlunar, í þeim ítrekuðu ógagnsæju ferlum sem fram hafa farið síðan. Merkt er með gulum lit við þá orkukosti sem athygli vakti hvernig raðað var í tillögunni í ágúst 2011 (þótt ekki sé t.d. deilt um að Geysi sé raðað í verndarflokk þrátt fyrir að verkefnisstjórn hafi ekki fjallað ítarlega um þann kost), og með rauðum lit við þá orkukosti sem athygli vekur hvernig enn eru færðir niður (frá sjónarhorni nýtingar) í þeirri tillögu sem hér er til umfjöllunar.

¹ Skv. gögnum frá Umhverfisstofnun

Fylgiskjal með umsögn Samorku um tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða, 727. mál, 30. apríl 2012

Rammaáætlun

Samanburður á flokkun verkefnisstjórnar og í tillögu til þingsályktunar

* N = nýtingarflokkur, B = biðflokkur, V = verndarflokkur, U = utan flokka þar sem verkefni í raun komið af stað, F = svæði nýtur friðlýsingar og fellur því utan gildissviðs laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun.

Taflan hér að neðan er endanleg röðun verkefnisstjórnar (tafla 7.2 í skýrslunni)

Gulmerking: athyglisvert, m.v. röðun verkefnisstj., í tillögudrögum í ágúst 2011

Rauðmerking: Enn frekari tilfærslur úr nýtingarflokki í tillögu í mars 2012

Nr	Heiti	verk.stj.	Drög að þingsál	GWh N	GWh B	GWh V	GWh F
72	Hellisheiði	1	U				
5	Blönduveita	2	N	180			
61	Reykjanes	3	N	568			
98	Krafla I - stækkun	4	N	320			
28	Búðarhálsvirkjun	5	U				
62	Stóra Sandvík	6	N	410			
70	Gráuhnúkar	7	N	369			
69	Meitillinn	8	N	369			
99	Krafla II, 1. áfangi	8	N	369			
103	Krafla II, 2. áfangi	8	N	738			
71	Hverahlíð	11	N	738			
97	Bjarnarflag	12	N	738			
63	Eldvörp (Svartsengi)	13	N	410			
64	Sandfell	14	N	410			
30	Holtavirkjun	15	B		415		
29	Hvammsvirkjun	16	B		665		
67	Austurengjar	17	B		410		
101	Þeistareykir-Vestursvæði	18	N	738			
102	Þeistareykir	18	N	1476			
26	Skrokkölduvirkjun	20	B		242		
66	Sveifluháls	21	N	410			
73	Innstidalur	22	B		369		
65	Trölladyngja	23	B		410		
75	Þverárdalur (Ólfusvatnslendur)	24	B		738		
91	Hágönguvirkjun, 1. áfangi	25	B		369		
104	Hágönguvirkjun, 2. áfangi	25	B		738		
74	Bitra	27	V			738	
31	Urriðafossvirkjun	28	B		980		
4	Hvalá	29	N	259			
27	Norðlingaölduveita - 566-567,5 m y.s	30	V			635	
21	Hólmsárvirkjun neðri	31	B		480		
68	Brennisteinsfjöll	32	V			200	
77	Grændalur	33	V			984	
39	Hagavatnsvirkjun	34	B		140		
24	Tungnárlón	35	V			270	
25	Bjallavirkjun	36	V			340	
9	Fliótshnúksvirkjun	37	B		405		
19	Hólmsárvirkjun - án miðlunar	38	B		450		
17	Skaftárveita án miðlunar í Langasjó	40	F				245
33	Bláfellsvirkjun	41	V			536	

100	Gjástykki	39	V		369
40	Búlandsvirkjun	42	B	970	
96	Fremrinámar	43	B	369	
7	Skatastaðavirkjun C	44	B	1090	
10	Hrafnabjargavirkjun A	45	B	622	
14	Djúpá	47	V		498
32	Gýgjarfossvirkjun	48	V		146
16	Skaftárveita með miðlun í Langasjó	50	F		465
13	Helmingsvirkjun	49	V		2100
6	Skatastaðavirkjun B	51	B	1260	
20	Hólmsárvirkjun - miðlun í Hólmsárlór	46	V		470
18	Skaftárvirkjun	52	F		760
92	Vonarskarð	53	F		1160
79	Hverabotn	55	V		392
80	Neðri-Hveradalir	55	V		392
81	Kisubotnar	55	V		392
82	Þverfell	55	V		392
23	Markarfljótsvirkjun B	59	V		735
12	Arnardalsvirkjun	54	V		4000
84	Blautakvísl	60	F		1448
85	Vestur-Reykjadalir	60	F		1448
86	Austur-Reykjadalir	60	F		1448
87	Ljósártungur	60	F		1448
88	Jökultungur	60	F		1448
89	Kaldaklof	60	F		1448
90	Landmannalaugar	60	F		1448

Virkiunarkostir sem ekki voru metnir af öllum faghópum verkefnisstjórnar:

1	Hvítá í Borgarfirði		B	125	
2	Glámuvirkjun		B	400	
3	Skúfnavatnavirkjun		B	60	
8	Villinganesvirkjun		B	215	
15	Hverfisfljót		B	260	
22	Markarfljótsvirkjun A		V		120
34	Búðartunguvirkjun		B	320	
35	Haukholtvirkjun		B	358	
36	Vörðufell		B	170	
37	Hestvatnsvirkjun		B	300	
38	Selfossvirkjun		B	250	
76	Ölfusdalur		B	82	
78	Geysir (gulmerkt en ekki að neinn vilji virkja)		V		200
93	Kverkfjöll		F		1240
94	Askja		F		1080
95	Hrúthálsar		B	160	

Samtölur, að teknu tilliti til skórunar orkukosta: 8.484 12.533 11.339 15.086

GWh N GWh B GWh V GWh F